

163. fundur Kirkjugarðaráðs, haldinn fimmtudaginn 12. desember 2019 á Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings var veðurtepptur.

Dagskrá fundar:

Fundur var settur kl 10:00

1. **Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.**

Fundargerð samþykkt með smávægilegum breytingum.

2. **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu – dreifing á ösku.**

Þórsteinn Ragnarsson kynnti málið. Var honum falið að ræða við Gunnar Kvaran um að aðstoða Kirkjugarðaráð við að taka saman umsögn um lagafrumvarpið.

3. **Ársreikningur kirkjugarðasjóðs árið 2018.**

Framkvæmdastjóri kynnti. Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

4. **Færeyjaferð – kynning.**

Guðmundur Rafn Sigurðsson sagði frá heimsókn í kirkjugarða í Færeyjum sem farin var í september s.l..

5. **Næsti fundur.**

Úthlutunarfundur sem haldinn verður 13. febrúar kl. 10.00.

6. **Önnur mál.**

Ákveðið að endurskoða samning Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins. Þórsteini Ragnarssyni og Guðmundi Rafni Sigurðssyni falin endurskoðunin.

Fundur var settur kl. 13:00

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari